

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, föstudaginn

29. ágúst 2014 kl: 10:00.

Mættir: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Ágúst Sigurðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Guðmundur Einarsson.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund.

Fundarstjóri var kjörinn Ágúst Ingi Ólafsson og fundarritari Guðmundur Einarsson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar og ársreikningar.
Ágúst Ingi Ólafsson flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2013 og er hún fylgiskjal með fundargerð. Ársreikningur 2013 lagður fram: Rekstrartekju ársins 2013 námu kr. 77.053.748 og hagnaður ársins nam kr. 2.692.648. Eigið fé í árslok nam kr. 45.458.591 og veltufé frá rekstri nam kr. 7.243.484. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.
2. Ákvörðun um gjaldskrá fyrir aðildarsveitarfélög.
Gjaldskrá 2014 lögð fram og samþykkt samhljóða. Framlög sveitarfélaganna pr íbúa eru kr. 243.
3. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr. Engar tillögur komu fram.
4. Kosning þriggja manna í framkvæmdastjórn og þriggja til vara.

Í stjórn voru kjörnir:

Ágúst Ingi Ólafsson
Egill Sigurðsson
Sigfús Davíðsson

Í varastjórn voru kjörin:

Ísólfur Gylfi Pálmason
Brynja Jónasdóttir
Ágúst Sigurðsson

5. Kosning löggilts endurskoðanda/endurskoðunarfélags.
Samþykkt var að ráða KPMG áfram til starfans.
6. Önnur mál.
Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun dags. 27.6.2014, þar sem stofnunin hafnar því lífrænn sláturúrgangur sé áfram urðaður á Strönd. Ákveðið að sækja að nýju um starfsleyfi, þar sem gert verður ráð fyrir að sláturúrgangur verði jarðgerður.

Ísólfur Gylfi lagði til að dagar fyrir vor og hausthreinsun verði alltaf á sama tíma á ári hverju. Ákveðið að vorhreinsun verð 1. til 16 júní ár hvert og hausthreinsun 10. til 20. október.

Ágúst Sigurðsson lagði til að Sorpstöðin sjái um tæmingu rotþróa á á starfssvæði stöðvarinnar. Tillagan var samþykkt samhljóða, með fyrirvara um samþykki sveitarfélaganna.

Gámaþjónustan hefur óskað eftir að fá afnot af starfsmanni Sorpstöðvarinnar til aðstoðar við sorphirðu. Þjónustan myndi samsvara 20% af fullu starfi. Erindið var samþykkt samhljóða.

Ákveðið að halda kynningu á starfsemi Sorpstöðvarinnar fyrir íbúa, þegar nýja aðstöðuhúsið á Strönd hefur verið tekið í notkun.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:15